


Fyrsta ljósmæðrabókin á íslensku gefin út á ný



Í nóvember síðastliðnum kom út bókin *Sá nýi yfirsetukvennaskóli eður stutt undirvísun um yfirsetukvennakúnstina* hjá Söguspekingastifti. Bókin kom fyrst út á Hólum í Hjaltadal árið 1749 og er hún fyrsta rit á íslensku um ljósmóðurfræði. Bókin var kennd yfirsetukonum skömmu eftir stofnun landlæknisembættisins árið 1760.

Halldór Brynjólfsson Hólabiskup (1692-1752) var hvatamaður útgáfunnar en Vigfús Jónsson, prestur í Hítardal (1706-1776) þýddi hana úr dönsku. Bókin kom upphaflega út í Danmörku 1725 undir titlinum *Nye Jorde-Moder-Skole, eller kort underviisning udi Jorde-Moder-Konsten*. Danski lækninn Balthazar Johann de Buchwald (1697-1763) er höfundur en hann var lengst af prófessor í læknisfræði við Kaupmannahafnarháskóla og kenndi þar m.a. Bjarna Pálssyni landlækni (1719-1779) um miðja 18. öld. Buchwald naut sjálfur kennslu nokkurra þekktra líffærafræðinga, Henricks van Deventers (1651-1724) í Haag og Frederiks Ruysch (1638-1731) í Amsterdam. Hann lærði einnig hjá þýskum líffærafræðingi, Lorenz Heister (1683-1758), og hollenska læknum Herman Boerhaave (1668-1738). Allir voru þeir frumkvöðlar innan líffæra- og fæðingarfræða.

Við samningu á bók sinni studdist Buchwald við sænska bók um ljósmóðurfræði eftir lækninn Johan von Hoorn (1662-1724). Bókin heitir *The twenne gudfruchtige ... Siphra och Pua*, kom fyrst út 1715 og var þýdd á mörg tungumál, en efni hennar má rekja til annarrar bókar eftir Hoorn, *Then svenska*

walöfwade jordegumman sem kom út árið 1697 og er fyrsta sænska ljósmæðrabókin. Hoorn, líkt og Buchwald, naut kennslu nokkurra frumkvöðla í líffæra- og fæðingafræðum, þar á meðal François Mauriceau (1637-1709), Paul Portal (1630-1703) og Philippe Peu (1623-1707).

Buchwald og Hoorn hafa eflaust mótast af þekkingu lærimeistara sinna og því má telja að *Yfirsetukvennaskólinn* hafi að geyma efni sem byggist á þekkingu nokkurra brautryðjenda á sviði læknisfræðinnar á meginlandi Evrópu í lok 17. aldar og upphafi þeirrar 18. enda hafa menn á borð við Henrick van Deventer og François Mauriceau sett mark sitt á sögu læknisfræðinnar.

Yfirsetukvennaskólanum er skipt í tvennt. Í fyrri hluta er fjallað um eðlilegar fæðingar, en í þeim síðari um áhættufæðingar og inngrip. Í bókinni er meðal annars fjallað um skyldur yfirsetukvenna, útlistun á æxlunarfærum kvenna, hvað einkenni barnshafandi konur, fjallað um fósturlát, hvernig aðgreina eigi hríðir, hvaða handtök eigi að nota við fæðingu tvíbura, hvernig binda eigi naflastreng, og margt fleira.

Með ritinu er kafli um umönnun ungbarna frá árinu 1803 og elsta varðveitta prófið í ljósmóðurfræði, frá 1768. Loks er skrá yfir helstu rit um ljósmóðurfræði sem út komu á árunum 1749-1900.

Bragi Þorgrímur Ólafsson, sagnfræðingur á handritadeild Landsbókasafns þjó til prentunar og ritaði inngang.